

Sæll Tómas

*Efni: Svar við fyrirspurn um hvort nemendur í grunnskólum fengju einhverja sérstaka fræðslu um ADHD og einhverfu*

Fyrirspurn barst skrifstofu skóla- og frístundasviðs 22. sept. sl. frá sérfræðingi á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar um hvort að nemendur í grunnskólum fengju einhverja sérstaka fræðslu um ADHD og einhverfu? Að sögn hafði fyrirspurn borist frá fulltrúa í aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks um þetta.

Í grunnskólum borgarinnar er lögð áhersla á að fræða nemendur um fjölbreytileika samfélagsins og stuðla að umburðarlyndi og skilningi gagnvart þörfum ólíkra hópa og einstaklinga. Í 2. kafla í núgildandi aðalnámskrá grunnskóla er tilgreint að til að vinna að jöfnuði í samfélaginu þurfi að stuðla að skilningi á fjölbreytileika mannlífs og „tryggja að fjölbreyttri menningu mismunandi hópa sé gert jafn hátt undir höfði“. Í kafla 7.3 í aðalnámskránni er fjallað um nám í skóla án aðgreiningar og tiltekið að virðing sé borin fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda og að áhersla sé lögð á að útrýma hvers konar mismunun og aðgreiningu í skólum. Í samfélagsgreinahluta aðalnámskrárinnar er fjallað um hugtök, s.s. jafnrétti, réttlæti, virðingu, mannréttindi, umhyggju og velferð, vináttu, umburðarlyndi, borgaralegar skyldur, frelsi og ábyrgð. Menntastefna borgarinnar leggur áherslu á að börn læri að vinna saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu.

Þegar barn þarf á sérstökum stuðningi eða aðstæðum að halda í skólastarfinu útskýra kennarar það yfirleitt vel fyrir hópnum og börn eru yfirleitt fljót að átta sig á og samþykkja að samnemendur þeirra þurfi sérstakan stuðning, t.d. í formi sjónrænna fyrirmæla eða stuðningsfulltrúa. Oft nýtist slík aðstoð eða stuðningur öðrum nemendum einnig.

Einhverjir grunnskólar borgarinnar halda upp á *Bláan apríl/Einstakan apríl og Alþjóðlegan dag einhverfra 2. apríl* ár hvert.

Skóla- og frístundaráð hefur veitt *ADHD samtökunum* styrk árlega undanfarin ár til að annast fræðslu fyrir kennara og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi borgarinnar um einkenni ADHD og hvernig best sé að styðja við börn og unglunga með ADHD í skóla- og frístundastarfinu. Þessi fræðsla hefur verið bæði fagleg og hagnýt og hefur verið vel sótt af kennurum og öðru starfsfólki grunnskólanna. Góð samvinna hefur verið milli skrifstofu SFS og starfsfólks ADHD samtakanna um þessa fræðslu.

Á vefsíðu menntastefnu Reykjavíkurborgar, [menntastefna.is](http://menntastefna.is), eru tenglar á hlaðvörp, fræðslumyndbönd, fyrirlestra, hagnýt ráð og ýmis konar annað fræðsluefni um sem kennarar og aðrir starfsmenn í skóla- og frístundastarfi getur nýtt sér í skóla- og frístundastarfi með börnum og ungmennum með ADHD. Þar er einnig að finna upplýsingar og fræðslu um einhverfu, konur á einhverfurófi, hvernig á að tala við fólk á einhverfurófi og verkfærakistu með hagnýtum ráðum um kennslu nemenda á einhverfurófi. Ég vona að þetta svari fyrirspurninni. Ekki hika við að hafa samband aftur ef þú hefur frekari spurningar.

Bestu kveðjur,

Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnastjóri/project manager

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar/Reykjavík City Department of Education and Youth

Borgartún 12 – 14, 105 Reykjavík

s. (+354) 411 7016